

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1994

16. mars 1994

267

Nr. 110

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum vestur af Eldeyjarboða.

1. gr.

Frá kl. 21.00 17. mars 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði suðvestur af landinu, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirfarandi punkta:

1. 63°35,0'N - 26°06,0'V
2. 63°36,0'N - 25°51,0'V
3. 63°25,0'N - 25°37,0'V
4. 63°05,8'N - 24°50,5'V
5. 63°03,5'N - 24°50,5'V
6. 63°04,5'N - 25°02,0'V
7. 63°24,0'N - 25°45,0'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1994.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.